



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun haustönn: Enska 4. bekkur málabrautar – ENSK2OR09

Kennarar: Katherine Louise Þóra Stokke (katherine@mr.is), Sigurður Páll Guðbjartsson (sigurdurp@mr.is)

Markmið: Að nemendur

- efli orðaforða sinn í ensku
- geti lesið enskar smásögur og skáldsögur í upphaflegri gerð á nútímamáli.
- kynnist enskum bókmenntum frá ýmsum tímum, bæði í bundnu máli og óbundnu
- efli hlustunarskilning
- geti tjáð sig um dagleg málefni og þjálfist í því að tjá munnlega óhlutbundna hugsun, m.a. í tengslum við námsefni
- geti ritað stutta texta um bækur sem og gert útdrætti úr lesnu efni.

Kennslugögn:

- Enskir leskaflar handa 4. bekk málabrautar (fjölrit MR)
- Enskt ljóðahefti handa 4. bekk máladeildar: (fjölrit MR)
- Enskar smásögur handa 4. bekk (fjölrit MR)
- Ritgerðir og önnur skrifleg og munnleg verkefni
- Skáldsaga á haustönn: *Animal Farm* eftir George Orwell.
- Leikrit á vorönn: *The Importance of Being Earnest* eftir Oscar Wilde
- Kjörbækur á vorönn: *Felix Ever After* eftir Kacen Callender, *Internment* eftir Samira Ahmed, *The Night Diary* eftir Veera Hiranandani og *Oscar Wilde and the Candlelight Murders* eftir Gyles Brandreth.
- Skrifleg og munnleg verkefni

Námsmat: Skiptist í þrennt - Jólapróf, vorpróf og námseinkunn

Jólapróf: Skriflegt próf í 90 mínútur ásamt hlustunarprófi í tíma.

Vorpróf: Skriflegt próf í 90 mínútur ásamt hlustunarprófi í tíma.

Námseinkunn byggist á frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum á námstíma og skiptist þannig í lok skólaárs:

Ritunarverkefni - **10%**, Kjörbók - **10%**, *Animal Farm* – **15%**,

The Importance of Being Earnest - **10%**, Fyrirlestrar – **15%**, Orðaforðapróf **20%** og Ástundun – **20%**

Athugið: Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus eða án heimanáms skal vísa honum úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.